

**Fundargerð 353. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 2. maí 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundargestur

Sandra Bryndísardóttir Franks varðandi formaður

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur

2. Fundargerð síðasta fundar

3. Ráðstefna um öldrunarmál

4. Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ, 15. maí

- Streymi frá þinginu
- Starfsmenn þingsins
- Ársskýrsla
- Tillögur að lagabreytingum
- Reikningar félagsins klárir
- Mál til að álykta um
 - Kjaramál
 - 1. Launaskriðstrygging
 - 2. Stytting vinnuvikunnar
 - 3. Lífeyrisréttindi um snemmbær starfslok ákveðinna hópa
 - 4. Ókláraðar bókanir frá síðasta kjarasamningi
 - Menntamál
 - 1. Háskólanámið
 - 2. Fleiri greinar í sérnámi
 - 3. Nýliðun í stéttinni
 - 1. Karlmennt
 - Heilbrigðisþjónusta
 - 1. Málefni öldrunarþjónustu
 - 2. Búsetuþjónustu
 - 3. Geðfatlaða

5. Kjarasamningar

- Álit lögmannanna liggur fyrir varðandi launaskriðstrygginguna
- Samstarfsnefndafundir
 - LSH starfslýsingar og breyting á stofnanasamningi í vinnslu
 - 1. Sérfræðingar frá Reykjavíkurborg mæta á næsta fund.

- Samstarfsnefnd HSA, uppfærsla stofnanasamnings. KÁG og GÖG fara austur þann 9. maí.
- Bókun 8 með kjarasamningi

6. Júníblað félagsins

Önnur mál

Dagskrá

1. Fundur settur

Kristín Á. Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir leyfi fyrir því að verðandi formaður Sandra Bryndísardóttir Franks (SBF) sæti fundinn og var það samþykkt og hún boðin velkomin á fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Ráðstefna um öldrunarmál

Farið var yfir að ráðstefnan um öldrunarmál hafi gengið mjög vel þrátt fyrir að breyting hafi orðið á dagskránni með skömmum fyrirvara vegna veikinda ráðherra og fulltrúans frá Noregi. Mjög góð mæting var eða um 200 manns og erindin voru mjög fróðleg og vel flutt.

4. Norðurlandamót í hjúkrun

KÁG fór yfir aðdragandann að Norðurlandamóti í hjúkrun, sem verður haldið í Noregi í maí og einnig samskipti félagsins við skólana vegna undirbúnings mótsins og væntinga félagsins til að fulltrúar skólanna tækju að sér undirbúning. Í ljós kom að sá aðili innan FÁ sem átti að halda utan um okkar fulltrúa og vera í tengslum við skipuleggjendur mótsins hafði ekki áhuga á þessu hlutverki og var því nauðsynlegt að félagið tæki að sér umhald, skipulagningu og hluta kostnaðar. SLFÍ sendir tvo keppendur á mótið og eru það sigurvegarar síðasta Íslandsmóts í hjúkrun og hafa þjálfarar þeirra tekið að sér að undirbúa þær og annar þeirra fer með til Noregs. Einnig var ákveðið að félagið sendi fulltrúa með keppendum þeim til stuðnings.

5. Undirbúningur að 27. Fulltrúaþingi SLFÍ þann 15. maí

Farið var yfir að flest verðandi fulltrúaþingið er að verða klárt. Streymið er klárt, starfsmenn þingsins eru klárir, en félagsstjórn á eftir að samþykkja þá, ársskýrslan, reikningar félagsins, tillaga að lagabreytingu verðandi Orlofssjóð er allt klárt. Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri félagsins fór yfir væntanlega kynningu á reikningum félagsins og öðru sem farið verður yfir og nauðsyn þess að undirbúningur og skipulagning verðandi það verði klár. JJS fór einnig yfir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og hámarkið á félagsgjöld.

Rætt var um að streymið af þinginu sé klárt og um að auglýsa þarf hvar sé hægt að nálgast þá útsendingu.

KAG fór yfir tillöguna að lagabreytingum sem varformaður Laganefndar mun kynna og bera upp til samþykktar.

Ákveðnar hugmyndir að efni til að álykta um liggja fyrir og farið var yfir hvort hugmyndir væru um annað efni sem ástæða væri til að álykta um. Á þinginu verður síðan skipt upp í hópa og unnið áfram með drögin að ályktunum og rætt var um mikilvægi vandaðrar hópaskiptingar.

- Kjaramál
 - Launaskriðstryggingin
 - Stytting vinnuviku
 - Snemmbær starfslok ákveðinna stétta í ljósi þróunar lífeyrismála
 - Bókanir ekki kláraðar/bókun um stubbavaktir
 - Jafnlaunastefna
- Menntamál
 - Háskólanámið
 - Fleiri greinar í sérnámi
 - Nýliðun í stéttinni
 - Karlmennt
- Heilbrigðisþjónusta
 - Málefni öldrunarþjónusta
 - Búsetuþjónusta
 - Geðfatlaðir

Jóhanna Traustadóttir (JT) fór yfir tillögur uppstillingarnefndar sem lagðar verða fyrir fulltrúapingið og gerði grein fyrir ákveðnum breytingum í nefndum og tillögum nefndarinnar um þá sem tilbúnir eru til að koma inn. JT fór einnig yfir fulltrúa SLFÍ á þing BSRB næsta haust.

6. Kjarasamningar

Álit lögmanns á hugsanlegri stefnu félagsins vegna útfærslu launaskriðstryggingar liggur fyrir og farið var yfir það á síðasta fundi. Málið rætt og talið nauðsynlegt að skoða það alvarlega hvort það eigi að stefna í samráði við SBF. Álit lögmannsins hefur verið kynnt fyrir SBF, sem hefur skoðað málið og í framhaldi af því var ákveðið að óska eftir fundi með lögmanni.

Endurskoðun starfslýsinga á LSH er enn í vinnslu og var ákveðið á síðasta fundi að fá sérfræðing í starfsmáttálum frá Reykjavíkurborg á næsta fund og munu þau mæta tvö.

KAG gerði grein fyrir að samstarfsnefndarfundur verður á HSA 9. maí til að fara nánar yfir uppfærslu á stofnanasamningi/röðunarkafli samningsins og munu hún og GÖG mæta ásamt trúnaðarmönnum.

KAG fór yfir að ekkert hefur verið fundað vegna bókonar 8 frá því síðast var gerð grein fyrir stöðunni. Málinu verður fylgt eftir og rætt við ráðherra ef ekkert gerist fljótlega og jafnframt verður reynt að fá ríkissáttasemjara til að leiða viðræðurnar. Breytingarnar gilda frá 1. júní 2016.

7. Júníblað félagsins

Farið var yfir að júníblað félagsins er í vinnslu og mun m.a. fjalla um ráðstefnuna og þingið ásamt mjög mörgu öðru. Samkomulag náðist við Elías Snæland um að hann kláraði þetta blað og myndi síðan aðstoða þann sem tekur við blaðinu svo mikið sem á þarf að halda.

Önnur mál

- GÖG fór yfir að 1. maí hafi gengið mjög vel og sæmilegasta mæting hafi verið hjá sjúkraliðum, en undirbúningur hafi allur verið í höndum Ingibjargar Jóhannsdóttur í samstarfi við GÖG.
- GÖG gerði grein fyrir áminningar máli sem var í gangi á heilbrigðisstofnun sem rekin er af ríkinu, sem eftir ákveðið ferli endaði á farsælan máta.

Fundi slitið kl. 18.10